



Reykjavík, 22. mars 2019

R18110144

114

ES

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Borgarlögmaður

---

*Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins um samskipti þáverandi borgarstjóra eða annarra starfsmanna Reykjavíkurborgar við fulltrúa listamannsins Banksy og heimild þáverandi borgarstjóra til að taka verkið með sér að lokinni borgarstjórartíð hans*

Á fundi borgarráðs hinn 15. nóvember 2018 lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Óskað er eftir öllum samskiptum við fulltrúa listamannsins Banksy vegna verks sem Jón Gnarr fyrrv. borgarstjóri fékk með þeim skilyrðum að það héngi á skrifstofu borgarstjóra. Þannig er óskað eftir upplýsingum um þau samskipti sem fóru fram í gegnum fyrrv. borgarstjóra eða aðra starfsmenn Reykjavíkurborgar við fulltrúa Banksy. Óskað er áliti borgarlögmanns á því hvort Jóni Gnarr hafi verið heimilt að taka verk listamannsins Banksy með sér heim að lokinni borgarstjórartíð hans.“

Með tölvuskeyti skrifstofu borgarstjórnar, dags. 22. nóvember 2018, var fyrirspurnin send borgarlögmanni til umsagnar. Hér á eftir fylgir umsögn borgarlögmanns ásamt umbeðnu áliti.

**Samskipti fulltrúa listamannsins Banksy við þáverandi borgarstjóra eða aðra starfsmenn Reykjavíkurborgar**

Samkvæmt upplýsingum sem aflað hefur verið munnlega frá Jóni Gnarr og einum meðlimi Besta flokkssins þá átti hann engin samskipti við fulltrúa listamannsins Banksy vegna umrædds verks. Á hinn bóginn átti meðlimur í Besta flokknum samskipti við fulltrúa Banksy, en umræddur meðlimur var á þeim tíma þegar samskiptin áttu sér stað kjörinn fulltrúi og ekki starfsmenn Reykjavíkurborgar. Samkvæmt fyrrnefndum upplýsingum lutu samskiptin að því að afla heimildar til handa Jóni Gnarr persónulega til þess að nota stafrænt afrit af mynd eftir listamanninn Banksy. Lyktir þessara samskipta urðu þau að fulltrúi listamannsins Banksy sendi umræddum meðlimi Besta flokkssins tölvuskeyti þar sem veitt var afnotaheimild af stafrænu afriti af verki eftir Banksy sem fylgdi sem viðhengi með tölvuskeytinu. Nánar tiltekið hafi ekki verið um gjöf að ræða heldur leyfi til að prenta út myndina sem hafi haft afar takmarkað ef eitthvert fjárhagslegt gildi. Ef ætlunin væri að hafa stafræna afritið af myndinni til sýnis þá mætti einungis gera það með því að hafa það til sýnis á skrifstofu borgarstjóra. Þá hafi allur kostnaður vegna prentunar stafræns afrits myndarinnar á álplötu verið greiddur af Jóni Gnarr persónulega.

Samkvæmt munnlegum upplýsingum frá Jóni Gnarr og einum meðlimi Besta flokksins var um að ræða samskipti sem fóru fram einvörðungu á milli umrædds meðlims Besta flokksins og fulltrúa listamannsins Banksy. Engir starfsmenn Reykjavíkurborgar tóku þátt í þessum samskiptum eða voru upplýstir um þau.

Við ítarlega leit í skjalasafni Ráðhúss fundust engin gögn um samskipti starfsmanna Reykjavíkurborgar við fulltrúa Banksy vegna framangreindra atvika. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara leitaði því til menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar sem aflaði hjálagðs minnisblaðs frá safnstjóra Listasafns Reykjavíkur, dags. 16. nóvember 2018, um gögn eða samskipti vegna stafræns afrits af listaverkinu eftir Banksy. Í minnisblaðinu kemur fram að myndin hafi ekki komið til umfjöllunar sem listaverk í eigu Reykjavíkurborgar í borgarstjóratíð Jóns Gnarr árin 2010-2014. Þá hafi engin samskipti verið skráð um myndina hjá Listasafni Reykjavíkur á sama tímabili. Samkvæmt samþykktum fyrir Listasafn Reykjavíkur tekur innkaupadeild safnsins afstöðu til þess hvort tekið skuli við gjöfum og annast skráningu safneignar þess. Innkaupadeild safnsins hafi ekki fengið umrædda mynd til umfjöllunar.

Í tilvitnuðu minnisblaði safnstjóra Listasafns Reykjavíkur kemur einnig fram að hinn 24. nóvember 2015 hafi safnstjóranum borist fyrirspurn frá Kjartani Magnússyni, þáverandi borgarfulltrúa, um myndina eftir Banksy. Í fyrirspurninni var innt eftir því hvar myndin væri varðveitt og hvort hún væri á stað þar sem unnt væri að bera hana augum. Þar sem engin gögn var að finna í skrám listasafnsins leitaði safnstjóri til fyrirrennara síns í starfi, Hafþórs Yngvasonar, en hann var safnstjóri Listasafns Reykjavíkur í borgarstjóratíð Jóns Gnarr. Í tölvuskeyti Hafþórs Yngvasonar til safnstjóra Listasafns Reykjavíkur, dags. 25. nóvember 2015, kemur meðal annars eftirfarandi fram:

*„Petta var persónuleg gjöf til Jóns, ekki opinber gjöf til embættisins. Einhver vinur Jóns hafði aðgang að Banksy og sagði honum sögu Jóns og hvað hann stóð fyrir. Ef ég man rétt þá var þetta stafrænt prent sem Jón fékk sent sem viðhengi eða tilvísun á vefsíðu hans og hann gat prentað einusinni [sic].“*

Með hliðsjón af framangreindu liggur fyrir að engir starfsmenn Reykjavíkurborgar, þ. á m. þáverandi borgarstjóri, áttu í samskiptum við fulltrúa Banksy vegna málsins. Jafnframt er ljóst að engin afnotaheimild af afriti myndarinnar var veitt Reykjavíkurborg eða söfnum borgarinnar. Þá þykir nægilega upplýst að um var að ræða heimild sem veitt var Jóni Gnarr persónulega, en ekki sem þáverandi borgarstjóra, til þess að nota stafrænt afrit af mynd eftir listamanninn Banksy og hafa það til sýnis á skrifstofu borgarstjóra. Umrædd heimild og leyfi til að hafa verkið til sýnis var þannig ekki veitt af hálfu fulltrúa Banksy til Jóns Gnarr sem borgarstjóra eða vegna setu hans í borgarstjórn. Þegar af þeirri ástæðu, þ.e. að ekki var um að ræða gjöf og einnig með vísan til þess að afnotaheimild sú sem hér er til umfjöllunar var óveruleg, koma ákvæði reglna um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar, sem samþykktar voru á fundi borgarráðs 29. október 2009, ekki til álita í málinu.

Í borgarstjóratíð Jóns Gnarr voru í gildi siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg, sem þáverandi borgarfulltrúar staðfestu og undirrituðu á fundi borgarstjórnar 15. júní 2010. Í 5. gr. reglnanna var kveðið á um að það að kjörnum fulltrúum væri óheimilt að nýta sér stöðu sína í þágu einkahagsmuna eða annarra þeim tengdum, hvort sem ávinnungur af slíku athæfi kæmi fram þá þegar eða eftir að störfum þeirra fyrir Reykjavíkurborg lyki. Þá var í 6. gr. reglnanna mælt fyrir um bann við því að kjörnir fulltrúar þáðu gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum Reykjavíkurborgar eða þeim sem leituðu eftir þjónustu borgarinnar ef líta

mætti á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu, nema um væri að ræða óverulegar gjafir. Varðandi 5. gr. reglnanna þá liggur fyrir, samkvæmt þeim upplýsingum sem aflað hefur verið vegna málsins, að fyrn nefndur meðlimur Besta flokksins aflaði umræddrar heimildar til afnota og sýningar á stafrænu afriti af verki eftir Banksy sem einstaklingur en ekki í krafti stöðu sinnar sem kjörinn fulltrúi. Þar sem um var að ræða óverulega heimild sem veitt var af fulltrúa Banksy, sem hvorki var viðskiptamaður né þjónustuþegi Reykjavíkurborgar, á ákvæði 6. gr. reglnanna ekki við.

#### **Álit um heimild þáverandi borgarstjóra til að taka verkið með sér heim**

Í ljósi þess að Reykjavíkurborg eða söfnum borgarinnar var ekki veitt afnotaheimild af stafrænu afriti myndar eftir Bansky, heldur var slík afnotaheimild veitt Jóni Gnarr persónulega verður að telja að hann hafi haft heimild til þess að fjarlægja verkið úr Ráðhúsinu þegar hann létt af embætti borgarstjóra.

Ebba Schram

Hjálagt:

Minnisblað safnstjóra Listasafns Reykjavíkur, dags. 16. nóvember 2018.